

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Yfirlit frjómælinga í Reykjavík sumarið 2008

Mælingar stóðu yfir frá 14. apríl til 25. september, eða í samtals 164 daga. Klukkan í frjógildrunni hafði verið hreinsuð og yfirfarin þannig að í ár gengu mælingar hnökralaust fyrir sig. Heildarfjöldi frjókorna varð 4724; 2097 grasfrjó, 528 birkifrjó, 345 asparfrjó og 225 súrufrjó. Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 1529. Að þessu sinni er þar um að ræða 30 frjó- og gróhópa (sjá töflu). Einn þeirra, rósaættin, reyndist vera með yfir 5% frjókorna og fjórir til viðbótar voru með yfir 2% en langalgengast er að hver hópur sé um eða undir 1%.

Tafla. Frjó- og grógerðir í Reykjavík sumarið 2008, raðað eftir magni.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ lofts
Gras	Poaceae	2097
Birki	<i>Betula</i>	528
Rósaætt	Rosaceae	411
Ösp	<i>Populus</i>	345
Túnsúra o. fl.	<i>Rumex</i>	225
Fura	<i>Pinus</i>	220
Starir	<i>Carex</i>	131
Víðir	<i>Salix</i>	121
Elfting	<i>Equisetum</i>	98
Netla	<i>Urtica</i>	87
Greni	<i>Picea</i>	49
Lyng	Ericales	45
Maðra	<i>Galium</i>	35
Yllir	<i>Sambucus</i>	32
Brjóstagrass	<i>Thalictrum</i>	27
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	24
Belgjurtir	Leguminosae	21
Sóley	<i>Ranunculus</i>	20
Fífíll	<i>Compositae</i> <i>Cichoriodeae</i>	20
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	15
Einir	<i>Juniperus</i>	14
Burknar	Filicales	14
Körfublóm	<i>Achillea</i>	13
Mjadjurt	<i>Filipendula</i>	12
Sefætt	Juncaceae	11
Elri	<i>Alnus</i>	10
Barnamosi	<i>Sphagnum</i>	7
Dísarunni	<i>Syringa</i>	5
Krossblómaætt	Cruciferae	2
Búrót	<i>Artemisia</i>	2
Tungljurt	<i>Botrychium</i>	1
Jafni	<i>Lycopodium</i>	1
Hjartagrassætt	Caryophyllaceae	1
Álmur	<i>Ulmus</i>	1
Óþekkt /ógreint	<i>incognito</i>	79

Fyrstu frjókornin sem komu í gildruna 22. apríl voru lyng- og víðifrjó. Þau voru nær einráð þar til öspin fór að blómstra þann 2. maí. Asparfrjó voru samfelld í lofti til 19. maí og hafa aldrei mælst fleiri en í ár, 345. Hámark asparfrjóa kom 11. maí þegar frjótalan reyndist 63.


Fjögur birkifrjó komu í gildruna í apríl, hugsanlega af erlendum uppruna. Framan af maí mældust þau stopult en frá og með 13. maí voru þau sleitulaust í lofti til 13. júní en eftir það komu þau stopult fyrir fram í byrjun júlí. Hámark birkifrjóa kom 25. maí þegar frjótalan náði 60. Heildarfjöldi reyndist 528 sem er svipað og mældist vorin 2004, 2005 og í fyrra en mun minna en 2003 og 2006, þegar birkifrjó urðu flest, 2502. Það tímabil sem birkifrjó voru samfelld í lofti stóð yfir frá 13. maí til 13. júní eða í einn mánuð. Sé hins vegar stuðst við þrengstu skilgreiningu frjótíma telst tímabil birkifrjóa hafa staðið yfir í þrjár vikur, þ.e. frá 16. maí til 5. júní.

Eitt grasfrjó mældist í fyrri hluta maí og frá 26. maí komu þau stopult fyrir en frá 5. júní fram yfir miðjan ágúst mældust þau sleitulaust. Fæst voru þau í september 9 talsins en flest í júlí 1344, 549 í júní og 191 í ágúst. Grasfrjó hafa aldrei reynst jafnmörg í júní og í ár og aldrei jafnfá í ágúst og september. Grastímabilið telst hafa staðið yfir í 75 daga þegar horft er til

þess hvenær grasfrjó voru samfelld í lofti, eða frá 5. júní til 18. ágúst. Hins vegar þegar þrengsta skilgreining á frjótíma er notuð verður tímabilið 43 dagar, eða frá 21. júní til 2. ágúst. Frjótala grasa varð hæst 316 þann 25. júlí og þrisvar sinnum fór frjótalan yfir 100 þetta sumar, í öll þrjú skiptin í síðustu viku júlí. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 2097 sem er um 30% yfir meðallagi árána 1989–2007.

Fyrsta súrufrjóðið mældist 25. maí en samfelld mældust þau frá 1. júní fram til 9. júlí. Aðeins fimm súrufrjó komu í frjógildruna í ágúst. Frjótalan fór hæst í 21 þann 27. júní. Allt í allt komu 225 súrufrjó í gildruna þetta sumarið, sem er talsvert undir meðallagi árána 1988–2007, en fjöldi súrufrjóa á því tímabili spannar allt frá 181 (sumurin 1999 og 2006) upp í 475 (1997).

Heildarfrjómagn og skipting í helstu frjógerðir 1988-2008



Frjóríkustu mánuðir sumarsins voru júní og júlí með 1638 og 1637 frjókorn í rúmmetra lofts en september var eins og oft áður sá rýrasti með 37. Hann var jafnframt sá rýrasti af öllum septembermánuðum til þessa. Maí, júní og júlí voru allir yfir meðallagi, apríl var í tæpu meðallagi en ágúst og september hins vegar varla hálfdrættingar á meðallagið. Sumarið 2008 skipar sér í hóp sex sumra með heildarfrjómagn yfir 4400 (sjá súlurit hér fyrir ofan).

Þegar litið er á sumarið sem heild fóru að jafnaði 28,8 frjókorn um hvern rúmmetra andrúmslofts í Reykjavík, heldur færri en sumurin 2004 og 2006, en mun færri en 1988 þegar þau voru flest, 44,5. Hæsta samanlögð frjótala kom 25. júlí þegar 322 frjókorn reyndust í rúmmetranum, en á þeim tíma voru grasfrjó í hámarki. Frjókorn mældust alla daga frá 22. apríl fram til 18. ágúst. Samfelld frjókornatímabil var heldur styttra en í fyrra (2007) þegar frjókorn reyndust vera í loftinu út allan ágústmánuð. Frjókornalausir dagar urðu þrjár í síðari hluta ágúst og átta í september. Samkvæmt veðurfarsyfirlitum Veðurstofunnar var meðalhiti allt mælitímabilið (apríl–september) yfir meðallagi, sem átti sinn þátt í mikilli grósku alls gróðurs og þar með miklu frjósumri. Þá reyndust bæði maí og þó einkum júní þurrari en í meðalári, en þurrviðri skapa góð skilyrði fyrir frjódreifingu.

Margrét Hallsdóttir

